



HRUNAMANNAHREPPUR

16. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 9. FUNDUR ÁRSINS
HALDINN FIMMTUDAGINN 5. SEPTEMBER 2019
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2019, þann 5. september kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, fundargerð oddvitanevndar UTU frá 2. september s.l. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

Í morgun barst okkur frétt um að fyrrverandi oddviti Hrunamannahrepps, Loftur Þorsteinsson, hefði látist í nótt. Sveitarstjórn sendir fjölskyldu Lofts innilegar samúðarkveðjur.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Yfirlit yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins.**
Sveitarstjóri fór yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins. Rekstur sveitarfélagsins er að mestu á áætlun en ljóst er að álag er á einstaka liði sem kalla á viðauka.
- 2. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2019.**
Oddviti kynnti viðauka við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2019. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um kr. 18.400.000 og útgjöld um kr. 38.300.000. Einnig er um að ræða færslu milli fjárfestingarverkefna, fjárfestingar verði auknar í gatnagerð en dregið úr fjárfestingum vegna íþróttasvæðis og sparkvallar. Þá er gert ráð fyrir uppgreiðslu á gengisláni. Skv. þessu er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður sveitarfélagsins verði eftir þessar breytingar kr. 41.252.000 í stað 61.947.000. Nettóútgjaldaaukningu er mætt með lækkun á handbæru fé og lántökum. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2019.
- 3. Högnastígur 1: Forkaupsréttur.**
Oddviti kynnti beiðni frá Fasteignasölnunni Bæ þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Högnastíg 1, skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Högnastíg 1, Flúðum í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4089 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.
- 4. Ásabyggð 1: Forkaupsréttur.**
Oddviti kynnti beiðni frá Lind fasteignasölu þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 1, skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 1, Flúðum í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4107 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.
- 5. Persónuverndarfulltrúi: Framlenging samnings.**
Oddviti kynnti framlengingu samnings við Dattaca Labs vegna þjónustu persónuverndarfulltrúa út árið 2019. Sveitarstjórn samþykkir framlenginguna og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
- 6. Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn um drög að stefnu í úrgangsmálum.**
Oddviti kynnti umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna draga að stefnu Umhverfisráðherra í úrgangsmálum. Sveitarstjórn vísar málinu til umfjöllunar í umhverfisnefnd. Jafnframt felur sveitarstjórn oddvita og sveitarstjóra að funda með umhverfisnefnd um þær breytingar sem þyrfti að gera á fyrirkomulagi Gámasvæðisins á Flúðum o.fl. sem tengist breytingum á úrgangsmálum í sveitarfélaginu.

7. **Heiðarbyggð: Sorphirða.**

Oddviti kynnti bréf frá sumarhúsaeygendum í Heiðarbyggð 1 og II varðandi þjónustu við sorphirðu og umgengni um sorpgáma við Heiðarbyggð. Sveitarstjórn þakkar fyrir ábendinguna og tekur undir að ýmislegt mætti betur fara við sorphirðu en ekki síður við flokkun í sumarhúsaahverfum og samnýtingu við Gámasvæðið á Flúðum. Verið er að vinna að breytingum í sorphirðu þar sem tekin verði upp þriggja tunna flokkun á grenndarsvæðum þar sem lausir gámar verða teknir úr umferð. Verkið hefur tafist m.a. vegna gildistöku á nýjum úrgangssamþykktum en þegar þær hafa tekið gildi verður skylda að flokka allan úrgang í Hrunamannahreppi og verða í kjölfarið flokkunaraðstæður í grenndarsvæðum endurskipulagðar.

8. **Sorphirða: Viðauki við verksamning.**

Oddviti fór yfir viðauka við verksamning um sorphirðu í Hrunamannahreppi við Íslenska gámafélagið þar sem samningsaðilar nýta sér heimild í verksamningi til að framlengja samninginn um eitt ár í senn. Sveitarstjórn samþykkir að framlengja sorphirðusamning um eitt ár og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

9. **Grýtubakkahreppur: Tillaga til þingsályktunar um lögbvingaða sameiningu sveitarfélaga.**

Oddviti kynnti erindi frá sveitarstjórn Grýtubakkahrepps þar sem þau telja framkomna tillögu um lögbvingaða sameiningu sveitarfélaga ganga freklega gegn lýðræði og sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga.

10. **Ársþing SASS: kjörbréf.**

Ársþing SASS, HES og SOS verður haldið á Hótel Geysi 24. og 25. október nk. Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á ársþingi SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands: Halldóra Hjörleifsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir og Bjarney Vignisdóttir en til vara Sigurður Sigurjónsson og Jón Bjarnason. Fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri og til vara Halldóra Hjörleifsdóttir.

11. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Samráðsgátt.**

Oddviti kynnti tillögu að þingsályktun frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu sem liggur fyrir í samráðsgátt stjórnvalda um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga.

Meginmarkmið tillögunnar eru á margt góð og telur sveitarstjórn Hrunamannahrepps sveitarfélagið vera að vinna ötullega að þeim bæði eitt og sér og í samvinnu við önnur sveitarfélög. Varðandi þau áform að lögfesta lágmarksíbúafjölda í sveitarfélögum við 1000 eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni telur sveitarstjórn Hrunamannahrepps að tillagan gangi of skammt. Geta sveitarfélaga til að sinna stórum verkefnum eitt og sér skarast ekki í 1000 íbúatölunni.

12. **Skipholt 3: Stofnun tveggja lóða, Skipholt 2 og 3A.**

Lögð fram umsókn Helga Kjartanssonar f.h. landeigenda, dags. 20. ágúst 2019, um stofnun tveggja íbúðarhúsalóða úr landi Skipholts 3, L166827. Um er að ræða lóðir utan um þegar byggð íbúðarhús, annars vegar 1.883 fm lóð sem fengi heitið Skipholt 2 og hins vegar 537 fm lóð sem fengi heitið Skipholt 3A. Skv. uppdrætti þá er aðkoma að lóðunum um heimreið af Skollagrófarvegi sem liggur frá Skeiða- og Hrunamannavegi um land jarðanna Skipholts 1 og 3.

Sveitarstjórn samþykkir stofnun og heiti lóðanna með fyrirvara um samþykki eigenda Skipholts 1 fyrir afmörkun lóðarinnar Skipholts 2 sem og aðkomu að lóðinni um land þeirra. Þá er ekki gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. gr. jarðalaga. Jón Bjarnason víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

13. **Kriki: Stofnun íbúðarhúsalóðar.**

Lögð fram umsókn Helga Kjartanssonar f.h. landeigenda, dags. 20. ágúst 2019, um stofnun 3.600 íbúðarhúsalóðar úr landi Krika, L166837. Engin mannvirki eru innan lóðarinnar en fyrirhugað er að sækja um byggingarleyfi fyrir íbúðarhús og hesthús. Gert er ráð fyrir að lóðin fái heitið Kriki 1. Skv. uppdrætti þá verður aðkoma að lóðinni um nýjan aðkomuveg sem lagður verður yfir lóðina Unnarholtskot 1C og Krika.

Sveitarstjórn samþykkir stofnun og heiti lóðarinnar með fyrirvara um samþykki eigenda Unnarholtskots 1C og Krika um aðkomu að lóðinni og með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir landeigendum innan bæjartorfunnar um að stofnuð verði

löß þar sem fyrirhugað er að byggja íbúðarhús og hesthús og með þeirri aðkomu sem sýnd er á uppdrætti. Ekki gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. gr. jarðalaga.

14. Silfurmýri/Miðbær: Sameining landeigna.

Lögð fram umsókn Mörtu G. Ómarsdóttur, dags. 8. ágúst 2109, um sameiningu tveggja landeigna. Um er að ræða sameiningu landsins Miðbær, land L217566, við lögbýlið Silfurmýri, land L204821, sem verður eftir sameiningu tæpir 40 ha skv. uppdrætti. Sami eigandi er að báðum landeignum.

Sveitarstjórn samþykkir sameiningu landeignanna miðað við fyrirliggjandi gögn.

15. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 10. október nk. kl. 14:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

16. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 5. fundar frá 27. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar. Þar skipti nefndin með sér verkum og farið yfir störf nefndarinnar. Þá var fjallað um skipun í ungmennaráð, áherslur síðasta árs nefndarinnar og aðgerðir gegn kynferðislegu áreiti og ofbeldi í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Sveitarstjórn vísar umræðu varðandi óskir um breytingu á opnunartíma í sundlaug til skoðunar yfirmanns íþróttamannvirkja og íþrótt- og tólmstundafulltrúa og vinnu við fjárhagsáætlun. Sveitarstjórn óskar eftir því að nefndin komi með tillögur um aðgerðir gegn kynferðislegu ofbeldi í íþrótt- og æskulýðsstarfi eins og hún býðst til í samráði við þá sem sinna málaflokknum og samþykkir fundargerðina að öðru leyti.

17. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 9. fundar frá 26. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar landbúnaðarnefndar. Þar var raðað í leitir, rætt um fyrra og eftirsafn. Þá var farið yfir matarmál, endurskinsvesti, skilaréttir og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

18. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 7. fundar frá 26. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar atvinnu-, ferða- og menningarnefndar. Þar var fjallað um ljósmyndasamkeppnina haustlitir, KÍTON og uppskeruhátíðina. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

19. Fundargerð 181. fundar skipulagsnefndar frá 14. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 181. fundar skipulagsnefndar frá 14. ágúst s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr.18: Hvítárdalur. Umsókn um byggingarleyfi.

Fyrir liggur umsókn Jóns Bjarnasonar um byggingarleyfi til að flytja tilbúið 56,6 m² hús á jörðina Hvítárdalur (L166775) í Hrunamannahreppi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir sumarhúsi í landi Hvítárdals. Jón Bjarnason vísar sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

Mál nr.19: Efra-Langholt. Stækkun frístundasvæðis. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð var fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr.123/2010, tillaga og greinargerð Eflu dags. 15.2.2019, að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Tillagan tekur til spildu úr landi Efra-Langholts, austan Langholtsvegar, við frístundasvæðið F16. Aðkoma að svæðinu er frá Langholtsvegi nr. 341. Svæðið sem um ræðir í landi Efra-Langholts er 10 ha að stærð og er á skilgreindu landbúnaðarsvæði. Spilda þessi liggur að þegar skipulögðu frístundasvæði úr landi Efra-Langholts, Sunnuholti og Lindarseli. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingunni verður skilgreining á landnotkun svæðisins breytt í frístundasvæði. Þar með myndast samfella með frístundasvæðinu F16 úr landi Efra-Langholts.

Tillagan var auglýst frá 26. júní til 7. ágúst 2019. Athugasemdir bárust. Umsagnir liggja fyrir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni og Minjastofnun Íslands.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að svæði það sem tilheyrir Lindarseli verði tekið út af uppdrætti og gögn lagfærð til samræmis við athugasemdir landeiganda og lagfærð tillaga verði send aðilum

sem gerðu athugasemdir til skoðunar. Sveitarstjórn frestar að öðru leyti afgreiðslu málsins þar sem Vegagerðin hefur óskað eftir frekari aðkomu að málinu.

20. Fundargerð 182. fundar skipulagsnefndar frá 28. ágúst s.l og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 182. fundar skipulagsnefndar frá 28. ágúst s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. ágúst. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 8: Garðastígur 8b. Starfsmannaíbúðir. Aðalskipulagsbreyting.

Lagt er fram eftir auglýsingu skv. 1. mg. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, uppfærð greinargerð og uppdráttur vegna breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 sem tekur til lóðarinnar Garðastígs 8B, sem verði skilgreind í aðalskipulagi sem íbúðabyggð. Staðsetning lóðarinnar er austan flugvallar á Flúðum, á svæði sem í núgildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps er skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Fyrir liggja umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að ekki séu nýtt óbyggð svæði í austurhluta Flúða ÍB6, ÍB7 og ÍB8 og í norðurhluta ÍB1, áður en landbúnaðarsvæði eru tekin til íbúðabygðar vestast á Flúðum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir greinargerð og uppdrætti dagsetta 15.2.2019 sem skýra breytingu á gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, skv. 1.mgr. 36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna ásamt tilheyrandi gögnum til afgreiðslu í samræmi við 32. gr. skipulagslaga.

Vegna umsagnar Umhverfisstofnunar þá er með þessari ákvörðun verið að bregðast við óskum og þörfum fyrir minni og ódýrari íbúðir til útleigu fyrir starfsmenn o.fl. Um er að ræða 25-60m² íbúðir í par- eða raðhúsum en framboð á slíkum búsetuúrræðum er mjög af skornum skammti á Flúðum og á svæðinu í Uppsveitum. Engar lóðir eru á lausu af hálfu sveitarfélagsins sem geta boðið upp á slíka stærðir, m.a. vegna þarfa atvinnulífsins fyrir hentugar starfsmannaíbúðir. Það er einnig stefna stjórnvalda, ríkisins og sveitarfélaga í húsnæðismálum, að geta boðið upp fjölbreyttari og ódýrari kosti varðandi íbúðarhúsnæði. Þá ber þess að geta að svæði ÍB6, ÍB7 og ÍB8 er í eigu einkaaðila þar sem uppbyggingaráform eru óljós og á svæði ÍB1 sem er í eigu sveitarfélagsins er gert ráð fyrir öðrum húsnæðiskostum.

Mál nr. 9: Sandskarð. Breytt notkun lóðar. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram eftir auglýsingu skv. 1. mg. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, uppfærð greinargerð og uppdráttur vegna breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 sem tekur til lóðarinnar Sandskarðs, sem er 11.485 m² að stærð og er á skilgreindu landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032(L5) en þó innan þéttbýlismarka Flúða. Aðkoma að lóðinni er frá Langholtsvegi nr. 341. Landbúnaðarland innan þéttbýlisins hefur ekki verið flokkað en fyrirhugað svæði er að nokkru leyti ræktað land. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu verður skilgreining á landnotkun lóðarinnar breytt í íbúðabyggð. Gert verður ráð fyrir nokkuð sambærilegri byggð og nú þegar er við Vesturbrún (ÍB3) og þar með myndast samfella með skilgreindri íbúðabyggð við Vesturbrún (ÍB3). Gert er ráð fyrir að uppbygging verði heimiluð í samræmi við heimildir fyrir Vesturbrún þar sem heimil er blönduð íbúðabyggð í einbýlishúsum og raðhúsum á 1 hæð. Fyrir liggja umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Umhverfisstofnun.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir greinargerð og uppdrætti dagsetta 15.2.2019 sem skýra breytingu á gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, skv. 1.mgr. 36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna ásamt tilheyrandi gögnum til afgreiðslu í samræmi við 32. gr. skipulagslaga.

Vegna umsagnar Umhverfisstofnunar þá er með þessari ákvörðun verið að bregðast sérstaklega við óskum og þörfum fyrir hentugar parhúsaloðir sem sveitarfélagið á ekki á lausu. Þá ber þess að geta að svæði ÍB6, ÍB7 og ÍB8 er í eigu einkaaðila þar sem uppbyggingaráform eru óljós og á svæði ÍB1 sem er í eigu sveitarfélagsins er ekki gert ráð fyrir parhúsaloðum sem er skortur á. Umrætt svæði er í samhengi við núverandi íbúðabyggðir, lykilstofnanir

sveitarfélagsins og er mjög hentugt til uppbyggingar vegna þess að ódýrt og einfalt er að tengja svæðið samgöngum og lögnum.

Mál nr. 10: Hrafnkelsstaðir 2. Breytt notkun lóðar. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram eftir auglýsingu skv. 1. mg. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, uppfærð greinargerð og uppdráttur vegna breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 sem tekur til Hrafnkelsstaða 2. lóð L216611. Tillagan felur í sér breytingu á 2,5 ha svæði úr landi Hrafnkelsstaða 2, sunnan við Langholtsveg og vestast í þéttbýlinu á Flúðum. Landið er að mestu leyti ræktað. Aðkoma er um núverandi aðkomu frá Langholtsvegi nr. 341. Forsenda breytingarinnar er sú að lóðareigendur hafa hug á að byggja 10 íbúðarhús á suðurhluta lóðarinnar og óska eftir að 7000m² spilda úr landi lóðarinnar verði skilgreind sem íbúðabyggð. Fyrir liggja umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að ekki séu nýtt óbyggð svæði í austurhluta Flúða ÍB6, ÍB7 og ÍB8 og í norðurhluta ÍB1, áður en landbúnaðarsvæði eru tekin til íbúðabygðar vestast á Flúðum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir greinargerð og uppdrætti dagsetta 15.2.2019 sem skýra breytingu á gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, skv. 1.mgr. 36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna ásamt tilheyrandi gögnum til afgreiðslu í samræmi við 32. gr. skipulagslaga.

Vegna umsagnar Umhverfisstofnunar þá er með þessari ákvörðun verið að bregðast við óskum og þörfum fyrir minni og ódýrari íbúðir til útleigu fyrir starfsmenn o.fl. Um er að ræða 25-60m² íbúðir í par- eða raðhúsum en framboð á slíkum búsetuúrræðum er mjög af skornum skammti á Flúðum og á svæðinu. Engar lóðir eru á lausu af hálfu sveitarfélagsins sem geta boðið upp á slíka stærðir, m.a. vegna þarfa atvinnulífsins fyrir hentugar starfsmannaíbúðir. Það er einnig stefna stjórnvalda, ríkisins og sveitarfélaga í húsnæðismálum, að geta boðið upp fjölbreyttari og ódýrari kosti varðandi íbúðarhúsnæði. Þá ber þess að geta að svæði ÍB6, ÍB7 og ÍB8 er í eigu einkaaðila þar sem uppbyggingaráform eru óljós og á svæði ÍB1 sem er í eigu sveitarfélagsins er gert ráð fyrir öðrum húsnæðiskostum.

Mál nr. 11: Högnastaðamýri. Stækkun byggingarreita og lóða. Deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram er fram umsókn Hrunamannahrepps, um óverulaga breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir hesthúsaferfi í Högnastaðamýri við Flúðir í Hrunamannahreppi. Í umsókninni felst að lóð 4 er felld út úr gildandi deiliskipulagi og í hennar stað verða lóðir 2 og 6 stækkaðar í ljósi nýlegrar reglugerðar um aðbúnað hrossa sem og byggingareitir þessara lóða.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að senda tillöguna Skipulagsstofnun til varðveislu og auglýsa breytinguna í B-deild Stjórnartíðinda. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu þar sem breytingin er ekki talin hafa áhrif á hagsmunaaðila nærliggjandi lóða/lands.

Mál nr. 13: Afgreiðslur byggingafulltrúa

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 20. nóvember.

21. Fundargerð afgreiðslufundar byggingafulltrúa frá 4. september n.k.

Lögð fram til kynningar.

Önnur mál.

22. Fundargerð oddvitanefndar UTU frá 2. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð oddvitanefndar UTU frá 2. september s.l. Þar var fjallað um seyruverkefnið en farið var í skoðunarferð í Gullfossgirðingu og að Seyrustöðum á Flúðum. Þá var farið yfir sumarið og stöðuna varðandi tæmingar, þjónustustig, framtíðina, kostnaðarskiptingu og verkstöðu á byggingu aðstöðuhúss á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir tillögu um að ráðinn verði sameiginlegur starfsmaður inn í seyruverkefnið sem tengiliður milli fasteignaeiganda og seyruverkefnisins og fundargerðina að öðru leyti.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 198. fundar frá 20. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. SASS: Fundargerð 548. fundar stjórnar frá 16. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 283. fundar stjórnar frá 13. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. Bergrisinn bs: Fundargerð stjórnar frá 26. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- e. Yfirlit yfir eyðingu kerfils sumarið 2019.**
Lagt fram til kynningar.
- f. Seyrustaðir: Verkfundagerð 1. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 37. fundar stjórnar frá 23. ágúst s.l**
Lagt fram til kynningar.
- h. Báran: Áskorun um eingreiðslu til launþega innan ASÍ.**
Lagt fram til kynningar.
- i. Samtök grænkera á Íslandi: Áskorun.**
Lagt fram til kynningar.
- j. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Minningardagur þeirra sem látist hafa í umferðarslysum.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- k. Umhverfismatsdagurinn þann 13. september n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- l. Tengiliðafundur samráðsvettvangs sveitarfélagana um heimsmarkmiðin þann 13. september n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- m. Fjármálaráðstefna sveitarfélagana 3.-4. október n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- n. Haustfundur Héraðsnefndar Árnassýslu 15. október n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- o. Ársþing SASS 24.-25. október.**
Lagt fram til kynningar.
- p. Skólalæping sveitarfélaga; Grand Hótel Reykjavík 4. nóvember n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:10